

## 217. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 26. október 2006 kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP  
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB  
Ólafur Guðmundsson, ÓG  
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF  
Lárus Á. Hannesson, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Helga Guðmundsdóttir, HG  
Guðmundur Andrésson, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

#### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 412, dags. 5.10.2006.

Fundargerðin er í 24 tölusettum liðum.

**Liður 1.1.** Fundargerð fræðslunefndar, dags. 2.10.2006. Samþykkt að sumarleyfi í leikskólanum verði 4 vikur samfleytt árið 2007. Samþykkt með sex atkvæðum, Elísabet sat hjá vegna tengsla. Fundargerðin síðan samþykkt.

**Liður 1.3** Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 3.10.2006.

**Liður 1.** Deiliskipulagstillaga af parhúsum við Móholt. Samþykkt samhljóða að unnin verði ný deiliskipulagstillaga.

**Liður 2.** Deiliskipulagstillaga við Borg Skúlagötu. Samþykkt samhljóða að tillagan verði sett í auglýsingu.

**Liður 3.** Deiliskipulagstillaga af Víkursvæði. Samþykkt samhljóða að skipulag verði fullunnið með tilliti til athugasemda nefndar.

**Liður 5.** Þorbjörn Geir Ólafsson og aðrir eigendur að Reitavegi 6 óska eftir lóðarstækkun sbr. bréf dags 15.08.2006. Ekki er fallist á stækkun lóðarinnar. Afgreiðsla samþykkt samhljóða.

**Liður 6.** Hafsteinn Sigurðsson óskar eftir að byggja bílskúr við Silfurgötu nr. 11 samkvæmt teikningum frá Brynjari Danielssyni dags. ágúst '06. Stærðir 42,5 m<sup>2</sup>, 155,1 m<sup>3</sup>. Samþykkt er lóðarstækkun að gangstétt. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

**Liður 8.** Pétur Geirsson f. h. Hús og Hótel Stykkishólms sækir um að staðsetja tímabundið 2 sumarhús á lóð hótelsins. Samþykkt að húsin verði staðsett tímabundið á lóð við Hamraenda nr. 4. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

**Liður 9.** Björgvin Ólafsson Laufásvegi 4 óskar eftir leyfi fyrir garðhúsi á lóð. Samþykkt að uppfylltum skilyrðum. Afgreiðslan samþykkt samhljóða.

**Liður 11.** Sigríður Pétursdóttir Lágolti nr. 21 sækir um að klæða hús og bílskúr samkvæmt bréfi. Samþykkt samhljóða.

**Liður 13.** Emil og Bergur ehf. sækir um að byggja parhús að Borgarhlíð 2-4, samkvæmt teikningum frá Teiknistofunni Glámu Kím dags.15.09.06. Stærðir: Borgarhlíð nr.2, 74,8 m<sup>2</sup>, 248,3 m<sup>3</sup>, Borgarhlíð nr. 4, 85,9 m<sup>2</sup>, 288,5m<sup>3</sup>. Samþykkt samhljóða.

**Liður 14.** lögð fram tillaga að legu götu og bílastæðum við Laufásveg 1 til 10. Samþykkt að vinna eftir tillögu. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða. Fundargerðin síðan samþykkt.

**Liður 1.5.** Fundargerðir stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 12.9. og 4.10. 2006 Til máls tóku LÁH, GP.

Fundargerð 12/9 2006, **liður 1** samþykkt að hækka húsaleigu í þjónustuíbúðum um 10% frá og með 1.nóvember og að húsaleiga hækki fjórum sinnum á ári þ.e. næst 1. janúar 2007 og miðast húsaleiga við breytingu á vísitölu neysliverðs. Samþykkt samhljóða.**Liður 2 c.** samþykkt tilboð Björns Benediktssonar í málun á norðurenda Skólastíg 14., Gretar sat hjá vegna tengsla. Fundargerð 4/10 2006 framlögð. Fundargerðir samþykktar.

**Liður 1.9.** Húsnæðisnefnd, dags. 20.9.2006. Til máls tóku LÁH, GP, EF, HG. **Liður 1** varðar leiguíbúð að Garðaflöt 1a samþykkt að úthluta Garðari Ö. Tómassyni og Kolbrúnu Önnudóttur íbúðina. **Liður 2** varðar leiguíbúð að Skúlagötu 9 j.h.h. samþykkt að úthluta Jóhönnu Ómarsdóttur og til vara Svövu Gunnarsdóttur. Fundargerðin samþykkt.

**Liður 1.10.** Stýrihópur um myndun framtíðarsýnar fyrir Stykkishólmshöfn, dags. 10.9.2006 og 21.9.2006. Til Máls tóku LÁH, EF, ELB, GP. Samþykkt að leitað verði eftir vinnu landslagsarkitektsins Sigurborgu hjá Landlínu í Borgarnesi um tillöguvinnu. Fundargerðir samþykktar.

**Liður 3.** Opnun tilboða - gangstéttar. Það barst eitt tilboð. Samþykkt að ganga til samninga við Sumarbústaði ehf. á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs. Afgreiðsla samþykkt.

**Liður 4.** Tilboð í eldhústæki í leikskóla. Samþykkt að taka lágsta tilboði frá fyrirtækinu Fastus kr. 2.148.073 m/vsk. Afgreiðsla samþykkt.

**Liður 5.** Tilboð í búnað á bókasafni. Tilboð í búnað á bókasafnið frá Þjónustumiðstöð bókasafna kr. 4.280.200 m/vsk. Samþykkt.

**Liður 6.** Umsókn um styrk til náms- og kynnisferðar Grunnskólans og Tónlistarskólans, erindi frá bæjarráðsfundi nr. 405 þann 6.4.2006. Samþykkt að veita hverjum starfsmanni sem fer í ferðina styrk kr. 20.000. Lárús situr hjá vegna tengsla.

**Liður 8.** Bréf frá Landsbankanum dags. í september vegna gjafar til Amtsbókasafnsins. Landsbankinn gefur bókasafninu níu ljóðabækur í ritröðinni Norrænar bókmenntir sem listahópurinn Nýhil hefur gefið út. Framlagt og Landsbankanum þakkað fyrir gjöfina. Bæjarstjórn tekur undir þakkir.

**Liður 11.** Bréf frá Menningarráði Vesturlands dags. 13.9.2006 varðandi samstarfssamning sveitarfélaga á Vesturlandi um menningarmál og fjárhagsáætlun ráðsins fyrir árið 2007.

Bréf framlagt og vísað til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2007.

Samþykkt samhljóða.

**Liður 15.** Umsögn Ríkislögreglustjóra dags. 18.9.2006 um

lögreglusamþykkt fyrir Stykkishólmsbæ.

Umsögn framlögð og tekið verður tillit til ábendinga Ríkislögreglustjóra við gerð lögreglusamþykktar fyrir Stykkishólmsbæ. Til máls tók EF. Lögreglusamþykktin samþykkt samhljóða að teknu tilliti til ábendinga.

**Liður 17.** Bréf frá Hafnarsambandi Sveitarfélaga varðandi kjör fulltrúa á Hafnarsambandsþing 2006, haldið á Höfn í Hornafirði 12. og 13. október. Samþykkt að kjósa Erlu Friðriksdóttur sem fulltrúa Stykkishólmsbæjar á Hafnarsambandsþingi 2006 og Símon Sturluson til vara.

**Liður 18.** Samningur við Önnu Kristínu Sigurðardóttur varðandi

Undirbúning sameiningar Grunn- og tónlistarskóla á einn stað.

Samþykkt samhljóða.

**Liður 19.** Lagt til að leitað verði eftir tilboðum í rafmagnskaup

Stykkishólmsbæjar. Samþykkt samhljóða að leitað verði tilboða í rafmagnskaup Stykkishólmsbæjar.

**Liður 21.** Tillaga frá LÁH, BA og DS um að stofnaður verði vinnuhópur um stefnu í málefnum frístundabænda.

Við gerum það að tillögu okkar að settur verði á stofn vinnuhópur sem hafi það verkefni að koma með tillögu að stefnu í málefnum frístundabænda.

Vinnuhópurinn samanstandi af:

Einum tilnefndum af Nýræktarfélaginu

Einum tilnefndum af Fjáreigendafélaginu

Einum tilnefndum af Landbúnaðarnefnd

Einum tilnefndum af D-lista

Einum tilnefndum af L-lista

Hópurinn komi sér saman um verkaskiptingu þ.e.a.s. formann og ritara.

Bæjarstjóra verði falið að boða til fyrsta fundar.

Hópurinn haldi að minnsta kosti einn opinn fund með áhugafólki um frístundabúskap í Stykkishólmi.

Vinnuhópurinn taki sér ekki lengri tíma en sex mánuði til verksins.

Lárus Ástmar Hannesson  
Berglind Axelsdóttir  
Davíð Sveinsson

Tillaga samþykkt samhljóðs.

**Liður 23.** Tillaga frá Gretari um að leitað yrði frekara samstarfs við Aftanskin um félagsstarf aldraðra. Samþykkt samhljóða.  
Til máls tóku síðan um aðra liði fundargerðarinnar EF, LÁH, GP, BA.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 413, dags. 19.10.2006.**  
Fundargerðin er í 12 tölusettum liðum. Til máls tók GP.

**Liður 1.2.** Fundargerð Safna- og menningarmálanefnd, dags. 10.10.2006.

**Liður 1** umsóknir um stöðu forstöðumanns Amtsbókasafnsins. Tvær umsóknir hafa borist um stöðuna. Samþykkt að ráða Ragnheiði Óladóttur í starfið.  
Fundargerðin samþykktar.

**Liður 1.4.** Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 6.10.2006.

**Liður 3.** Ungmennaráð. Eftirtaldir samþykktir í ungmennaráð:  
Sigrún Björk Sævarsdóttir, Auður Hinriksdóttir, Gísli Sveinn Gretarsson, Ísak Hilmarsson og Drífa Árnadóttir. Gretar D. Pálsson sat hjá vegna skyldleika.  
Samþykkt samhljóða. Fundargerðin síðan samþykkt.

**Liður 2.** Lóðarumsókn. Skipavík ehf. sækir um lóðina austan við Rækjuneshúsið.  
Samþykkt að vísa lóðarumsókn til skipulags- og bygginganefndar.  
Til máls tóku BA, LÁH, GP. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 3.** Drög að leigusamningi við Artangel.  
Drög að leigusamningi framlagður og bæjarstjóra falið að skrifa undir leigusamning við Artangel. Til máls tók EF, ELB, LÁH, GP. Samþykkt samhljóða.

**Liður 5.** Bréf Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 11.10.2006, varðandi tilraunaverkefnið Hreyfing fyrir alla. Bréf framlagt og vísað til æskulýðs- og íþróttnefndar. Afgreiðslan samþykkt.

**Liður 6.** Samningur við Íslenska Gámafélagið um sorphirðu í Stykkishólmi.  
Til máls tók EF. Samningur samþykktur samhljóða.

**Liður 7.** Verksamningur við Sumarbústaði ehf. um gangstéttafrágang.  
Til máls tók EF, GP, BA, LÁH, HG. Verksamningur samþykktur samhljóða.

**Liður 8.** Samþykktir fyrir Dvalarheimili aldraðra frá bæjarráðsfundi 412.  
Samþykktir fyrir Dvalarheimili aldraðra samþykktar með breytingum.  
Afgreiðsla staðfest.

**Liður 9.** Erindisbréf stjórnar Dvalarheimilis aldraðra frá bæjarráðsfundi 412.  
Erindisbréf framlagt og samþykkt með breytingum. Afgreiðsla staðfest.

**Liður 12.** Árshátíð starfsmanna Stykkishólmsbæjar. Allir tóku til máls.  
Samþykkt samhljóða að árshátíð starfsmanna Stykkishólmsbæjar verði haldin  
með sama hætti og s.l. tvö ár.

Til máls tóku síðan GP, EF, LÁH. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

## **2. Fundargerðir nefnda.**

### **2.1. Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 11.10.2006.**

Til máls tóku GP, LÁH. Fundargerðin samþykkt.

### **2.2. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 2.10.2006.**

Fundargerð samþykkt fyrr á fundinum.

### **2.3. Fundargerð hafnarstjórnar, dags. 3.10.2006.**

Fundargerðin samþykkt.

### **2.4. Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 20.9.2006.**

Fundargerð samþykkt fyrr á fundinum.

### **2.5. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 10.10.2006.**

Fundargerð samþykkt fyrr á fundinum.

### **2.6. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 3.10.2006.**

Fundargerð samþykkt fyrr á fundinum.

### **2.7. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla, dags. 25.9.2006.**

Til máls tók ELB. Fundargerðin samþykkt.

### **2.8. Fundargerðir stjórnar Dvalarheimilis, dags. 12.9. og 4.10.2006.**

Fundargerð samþykkt fyrr á fundinum.

### **2.9. Fundargerðir stýrihóps skólahúsnæðis, dags. 25.8., 31.8. og 18.9.2006.**

Fundargerðir samþykkt.

**2.10. Fundargerðir stýrihóps Stykkishólshafnar, dags. 10.9. og 21.9.2006.**

Fundargerðir samþykkt fyrir á fundinum.

**2.11. Fundargerðir þjónustuhóps aldraðra, dags. 14.9. og 9.10.2006.**

Fundargerðir samþykkt.

**2.12. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 6.10.2006.**

Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.

**3. Bæjarmálasamþykkt 65. grein, fyrri umræða.**

Til máls tók EF, GP. Samþykkt að vísa til annarrar umræðu í bæjarstjórn.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:04

Guðmundur Andrésson, fundarritari.